

ENSK3GL05

Búið til: Mon, 04 Mar 2024 09:41:42 GMT

Titill

Enska, glæpasögur

Skammstöfun

ENSK3GL05

Útgáfunúmer

113

Námsgrein

enska

Viðfangsefni

glæpasögur

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

3

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Í áfanganum kynnast nemendur sögu og þróun glæpasagnaritarar. Nemendur kynnast nokkrum enskumælandi glæpasagnahöfundum, lesa og meta verk þeirra, auk þess að kynna sér aðra þekktu höfunda og þýddar glæpasögur á ensku. Í áfanganum eru skoðuð helstu einkenni glæpasagna og rýnt í þekktustu verk frá Bretlandi og Bandaríkjunum.

Forkröfur

10. einingar í ensku á 2. þrepi

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- á formi og einkennum bókmenntategundarinnar
- sögu og þróun glæpasagnaritarar, stöðu hennar innan bókmenntanna og tengslum við aðra miðla, t.d. bíómyndir og sjónvarp
- verkum nokkurra erlendra glæpasagnahöfunda
- áhrifum glæpasögunnar á nútímasamfélag (hvernig vinsældir glæpasagna hafa teygst sig á önnur svið)

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita helstu hugtökum bókmenntafræðinnar í umfjöllun um form og einkenni glæpasögunnar
- lesa og fjalla um glæpasögur á gagnrýninn og fræðilegan hátt
- flytja af öryggi vel byggða kynningu á bókmenntalegu viðfangsefni
- vinna að skapandi verkefnum þar sem lögmálum glæpasögunnar er beitt

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- dýpka lesskilning sinn
- auka og bæta við orðaforða og málkilning
- átta sig á samfélagslegri skírskotun og ná dulduð boðskap og hugmyndum
- tjá rökstudda afstöðu og taka þátt í málefnalegri umræðu um bókmenntir

- sýna þroskaða siðferðisvitund, vísðýni, sköpunarhæfni og samlíðan í málflutningi sínum, umfjöllun og verkum

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft leiðsagnarmat með símati alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega.

Skólar**Fyrirmynd**